

Strandaprófastsdæmi, sjera Eyjólfí Jónssyni, þar sem hann óskar breytingar á 2 atriði- **52**
um í skilyrðum þeim, sem honum voru sett með tilliti til byggingar fyrirhugaðs 6. apríl
íbúðarhúss á prestssetrinu með brjefi mínu, dagsettu 30. sept. f. á., (Stjtið. 1897, B. bls. 215)
og eru breytingar þessar í því fölgjar, að hann þurfi ekki að byggja sjerstakan inn-
gangsskúr á milli nýja hússins og torfhúss þess, sem hann hefur áður byggt, heldur
megi húsin standa samhliða og áföst, svo framarlega sem smiður sá, er stendur fyrir
verkinu, álítur að svo megi vera, án þess að hætta sje búin af skemmdum sök-
um þess fyrirkomulags, og að hann megi nota leirpípur í stað upphlaðins reykháfs,
sje þetta eigi því til fyrirstöðu, að húsið fáiðst váttryggt.

Hafa stiptyfirvöldin lagt það til að bæn prestsins í þessu efni sje tekin
til greina, svo framarlega sem smiður sá, er fyrir verkinu stendur, þori að full-
yrða, að hann geti búið svo um samband húsanna, að hættulaust sje fyrir
skemmdum af vatnsrennsli, og að því er síðara atriðið snertir, að prestinum
verði leyft að nota leirpípur, sem þartil sjeu hentugar, í stað upphlaðins reykháfs,
að því áskildu, að vel og tryggilega sje gengið frá verkinu.

Út af þessu skal stiptyfirvöldunum hjermeð þjónustusamlega til vitund-
ar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi presti, að
jeg fellst á framangreindar tillögur yðar.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um sölu á kirkjuörð (Borg- 53
arkirkju). — Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknalegt brjef yðar, herra 24. marz
landshöfðingi, dagsett 13. nóvbr. f. á., hefur hans hátign konunginum, samkvæmt
allraþegnsamlegustum tilmælum mínum, 18. þ. m. allramildilegast þóknast að
veita allrahæst samþykki til þess, að selja megi $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar Ferju-
bakka í Borgarhreppi í Mýrasýslu, sem er eign Borgarkirkju í Mýrprófasts-
dæmi, fyrir 2100 krónur, er setjast skulu á vöxtu sem óskerðanlegur höfuðstóll
tilheyrandi Borgarprestakalli, og með því skilyrði, að farið verði framvegis með um-
getin jarðarpart sem aðrar bændajarðir, að því er snertir skatta alla og skyldur.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknan-
legrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutaðeiganda og frekari ráðstöfunar.

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um makaskipti á kirkjuörð 54
(Hvammskirkju). — Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknalegt brjef yðar, 21. marz
herra landshöfðingi, dagsett 26. nóvbr. f. á., hefir hans hátign konunginum sam-
kvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum, 18. þ. m. allramildilegast þókn-
ast að veita allrahæst samþykki til þess að makaskipti fari fram á háflendunni
Glerárskógum í Hvammshreppi í Dalasýslu, sem er eign Hvammskirkju í Dala-
prófastsdæmi, fyrir bændajörðina Sælingsdal í sama hreppi, með því skilyrði að
eptirleidis verði farið með umgetna háflendu sem aðrar bændaieignir að því er
snertir alla skatta og skyldur, en jörðin Sælingsdalur verði skoðuð sem
kirkjuörð.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegr-
ar leiðbeiningar, frekari birtingar og ráðstöfunar.